BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022

MKV. 1:1000



Staðfest aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022



Breyting á aðalskipulagi

HELSTU SKÝRINGAR

- Svæði sem breytingin nær til
- Lögbýli
- Eyðibýli
- Landbúnaðarsvæði
- Óbyggð svæði
- Iðnaðarsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Svæði fyrir þjónustustofanir
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Efnistaka
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðs- og landsvegir og aðrir vegir eða slóðar - Aðeins til skýringar
- Hitaveita
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Hverfisvernd
- Vatnsverndarsvæði (grann- /fjarsvæði ekki skilgreind)

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í afmörkun svæðis fyrir vatnsaflsvirkjun í landi Ytra-Hóls, Syðra-Hóls og Garðs í Fnjóskadal. Áformað er að reisa Hólsvirkjun, allt að 5,5 MW virkjun við Árbugsá í Fnjóskadal.

Unnið verður deiliskipulag fyrir framkvæmdina samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Aðalskipulagsbreytingin er matsskyld skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og því er einnig unnin umhverfisskýrsla með breytingunni. Framkvæmdin fór í umhverfismatsferli sem lauk með áliti Skipulagsstofnunar þann 11. júní 2018.

STAÐHÆTTIR

Virkjunin er í sveitarfélaginu Þingeyjarsveit, í austurhlíðum Fnjóskadals. Virkjað verður rennsli Hólsár og Gönguskarðsár, sem annars rynnu í Árbugsá, dragá sem fellur í Fnjóská skammt frá bænum Þverá efst í Dalsmynni. Upptök ánna eru í fjalllendinu austan Fnjóskadals. Sumarfær slóði liggur frá Garði yfir hálsinn sunnan Garðsfells og nokkurn spöl austur á Gönguskarð. Landslag á svæðinu einkennist af mjög mishæðóttu landi þar sem skiptast á grónar dældir og lítt grónar hæðir. Aðalvaxtarstaður blæaspar, sem er á válista, er í nágrenninu. Á Hólsdal nærri Gönguskarði eru minjar um nokkur sel og beitarhús, einnig lá vörðuð leið um Gönguskarð milli Fnjóskadals og Kaldakinnar. Talsvert er um votlendi á Hólsdal og nýtur hluti þess sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Að öðru leiti eru engin verndarákvæði í gildi á umræddu svæði, hvorki náttúruvernd né vatnsvernd. Ekki er búið á Syðra-Hóli en búseta er á Ytra-Hóli. Jarðirnar eru nýttar til landbúnaðar.

FORSENDUR

Tildrög virkjunar á svæðinu eru þau að árið 2012 var gerður samningur við landeigendur um rannsóknar- og nýtingarleyfi vegna virkjunar í Hólsá og Gönguskarðsá.

Áformað er að byggja tvær stíflur og leiða vatnið í þrýstipípu fyrir háls sunnan Garðsfells að stöðvarhúsi nærri bökkum Fnjóskár. Gert er ráð fyrir að stöðvarhús verði skammt norðan heimreiðar að bænum Ytra-Hóli og að affallið renni þar beint í Fnjóská, litlu sunnar en Árbugsá rennur í hana. Virkjað fall er um 255 m og áætlað að virkjað rennsli verði um 2,6 m^3/s. Aðkoma að Hólsvirkjun verður um Fnjóskadalsveg eystri (nr. 835).

TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um sjálfbæra byggð í dreifbýli. *„Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli.“* Einnig er sett fram stefna um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands þar sem segir: *„Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.“* Þar er einnig gert ráð fyrir að landbúnaðarland sé flokkað og að: *„Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.“* Landbúnaðarland í sveitarfélaginu hefur ekki verið flokkað en ekki er gert ráð fyrir að raska ræktuðu landi nema að mjög litlu leyti og virkjunin hamlar því ekki að svæðið verði áfram nýtt til beitar eins og verið hefur. Virkjunin eykur tekjur sveitarfélagsins og landeigenda í formi fasteignagjalda, landleigu og gjalda vegna vatnsréttinda. Einnig skapast aukin atvinnutækifæri, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Í landskipulagsstefnu er einnig sett fram stefna um orkunýtingu og orkuflutning í skipulagsáætlunum. *„Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.“* Leitast hefur verið við að vinna í sátt við samfélag og náttúru og tryggja það að virkjunarkosturinn valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Aðalskipulagið samræmist því markmiðum landskipulagsstefnu.

Þar sem framkvæmdin er tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er deiliskipulagið matsskylt skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Leita þarf samþykkis landbúnaðarráðherra fyrir breytingu á landnotkun á landbúnaðarsvæði sem er 5 ha eða stærra. Óskað verður eftir leyfi ráðherra vegna aðalskipulagsbreytingarinnar.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi felur í sér að 36 ha svæði verður breytt úr landbúnaðarlandi og óbyggðu svæði í iðnaðarsvæði, með skilmálum sem afmarka umfang virkjunarinnar ásamt skilmálum sem tryggja að umhverfisáhrifum verður haldið í lágmarki. Nýtt iðnaðarsvæði verður afmarkað á uppdrætti og umfjöllun um virkjunina verður færð inn í greinargerð aðalskipulagsins. Einnig verða 6 efnistökusvæði færð inn á aðalskipulag í tengslum við virkjunina, þau afmörkuð á uppdrætti og umfjöllun um þau færð inn í greinargerð aðalskipulagsins.

MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Í aðalskipulagi segir: *„Meginmarkmið aðalskipulags Þingeyjarsveitar verður að leita leiða og skapa aðstæður til að snúa þróuninni við hvað varðar fækkun íbúa og fjölga atvinnutækifærum án þess að núverandi gæði sveitarfélagsins raskist. Til að ná þessu markmiði þarf að leggja áherslu á eftirfarandi þætti: Að styðja þróun í landbúnaði og jafnframt að veita svigrúm fyrir ýmsa aukastarfsemi á landbúnaðarsvæðum og viðar, sem nytjar auðlindir og kosti svæðisins, t.d. í ferðaþjónustu. Að gefa svigrúm fyrir atvinnusköpun með nýtingu háhita og orkuvinnslu á Þeistareykjasvæðinu og víðar, til hagsbóta fyrir íbúa Þingeyjarsveitar og héraðsins alls.“*

Skipulagsbreytingin gerir ráð fyrir nýtingu auðlinda á landbúnaðarsvæði í formi orkuvinnslu og með auknum tekjum í sveitarfélaginu eykst hagur íbúa. Aukin raforka skapar einnig möguleika á þróun atvinnustarfsemi, í sveitarfélaginu og nágrenni þess. Dreifikerfi RARIK í Þingeyjarsveit er of veikt til að taka við því rafmagni sem virkjunin framleiðir og því verður raforkan flutt með jarðstreng í tengipunkt á Akureyri. Þar sem raforkukerfið er einn pottur getur orkan farið aftur til baka í Þingeyjarsveit í gegnum dreifikerfið. Skipulagsbreytingin samræmist því markmiðum aðalskipulags Þingeyjarsveitar 2010-2022.

Í aðalskipulagi segir um efnistöku: *„Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum og afmörkuðum námasvæðum; fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. Áhersla er lögð á að nýta áfram þau efnistökusvæði sem fyrir eru.“*

Tvö opin efnistökusvæði eru í nágrenni virkjunarsvæðisins og í samræmi við stefnu aðalskipulags er gert ráð fyrir að nýta efni úr þeim eins og kostur er. Stór hluti af efnisþörf virkjunarinnar er uppi á Hólsdal og Gönguskarði og ekki talið heppilegt að flytja efni þangað af láglendi. Því er gert ráð fyrir að nýta efni úr lónsbotnum eins og unnt er og að tekið verði efni í melum á svæðinu á fjórum stöðum. Gert er ráð fyrir að heildarefnisþörf virkjunarframkvæmdanna sé um 30.000-40.000 m^3. Nánari ákvörðun um nýtingu efnistökusvæða verður tekin við veitingu framkvæmdaleyfa þegar fullnaðarhönnun virkjunarinnar verður lokið.

BREYTINGAR Á UPPDRÆTTI

Nýtt iðnaðarsvæði Ið-08 verður afmarkað á sveitarfélagsuppdrætti.
Ný efnistökusvæði, E42- E47 verða merkt með hringtákni á sveitarfélagsuppdrætti.

BREYTINGAR Á GREINARGERÐ

KAFLI 3.4 IÐNAÐUR O.FL.

Kafli 3 fjallar um forsendur.
Við grein 3.4.1 Vatnsaflsvirkjanir, verða gerðar eftirfarandi viðbætur:
> Hólsvirkjun
Ný virkjun, Hólsvirkjun.

Áformuð er allt að 5,5 MW vatnsaflsvirkjun í landi Ytra-Hóls, Syðra-Hóls og Garðs í Fnjóskadal. Stærð svæðis er um 36 ha. Hólsá og Gönguskarðsá, sem saman mynda Árbugsá, verða virkjaðar sunnan og ofan Garðfells. Aðkoma að Hólsvirkjun verður um Fnjóskadalsveg eystri nr. 835. Gert er ráð fyrir að virkjunin verði tengd dreifikerfi RARIK með jarðstreng að Rangárvöllum á Akureyri.

KAFLI 4.7 IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Í kafla 4 er fjallað um stefnumörkun skipulagsins.
Bætt verður við nýjum kafla **4.7.5 Hólsvirkjun**

Ið-08: Skilgreint iðnaðarsvæði er 36 ha að stærð og mun það ná yfir öll tæknimannvirki Hólsvirkjunar. Heimilt verður að reisa allt að 5,5 MW virkjun á svæðinu. Í Hólsá verður hámarksstærð lóns 2,0 ha og hæsta hæð stíflu 12 m. Í Gönguskarðsá verður hámarksstærð lóns 0,5 ha og hæsta hæð stíflu 5 m. Í deiliskipulagi skal setja takmarkanir á stærð bygginga og skilmála um útlit þeirra og frágang. Virkjunin verður tengd dreifikerfi Rarik með jarðstreng að Rangárvöllum á Akureyri.

Svæðið er skilgreint til orkuvinnslu og er óheimilt að nýta svæðið til annarrar iðnaðarstarfsemi. Á framkvæmdatíma verður heimilt að taka efni úr lónstæðum, allt að 12.000 m^3.

Jarðstrengur

Samhliða gerð virkjunarinnar verður lagður 33 kV jarðstrengur frá stöðvarhúsi virkjunarinnar að Rangárvöllum á Akureyri. Strengurinn verður plægður eða grafinn niður eftir aðstæðum á lagnaleiðinni. Lagning jarðstrengs tilheyrir virkjunarframkvæmdunum og er því hluti af framkvæmdaleyfisskyldri heildarframkvæmd. Áður en framkvæmdaleyfi virkjunarinnar verður gefið út skal leggja fram uppdrátt sem sýnir lagnaleiðina ásamt yfirlýsingu landeigenda/umráðamanna landeigna og sveitarfélaga á strengleiðinni um að þau leggist ekki gegn framkvæmdinni.

KAFLI 4.11 EFNISTÖKUSVÆÐI

E- 42: Í landi Ytra-Hóls: Í notkun / ófrágengin. Blönduð möl. Ekki er gert ráð fyrir að svæðið muni stækka um 25.000 m^2 eða að efnistaka eftir 1. júlí 2008 muni verða 25.000 m^3 eða meira.

E- 43: Í landi Ytra-Hóls: Í notkun / ófrágengin. Blönduð möl. Ekki er gert ráð fyrir að svæðið muni stækka um 25.000 m^2 eða að efnistaka eftir 1. júlí 2008 muni verða 25.000 m^3 eða meira.

E- 44: Í landi Garðs: Blönduð möl, 5.000 m^3, 6.400 m^2, nýtt við framkvæmdir við Hólsvirkjun og verður efnistökunni lokað og hún tekin af skipulagi að framkvæmdum loknum.

E- 45: Í landi Garðs: Sandur og fín möl, 15.000 m^3, 4.100 m^2, nýtt við framkvæmdir við Hólsvirkjun og verður efnistökunni lokað og hún tekin af skipulagi að framkvæmdum loknum.

E- 46: Á Hólsdal: Möl, 5.000 m^3, 2.900 m^2, nýtt við framkvæmdir við Hólsvirkjun og verður efnistökunni lokað og hún tekin af skipulagi að framkvæmdum loknum.

E- 47: Í Tungusporði: Þvegin möl, 5.000 m^3, 3.000 m^2, nýtt við framkvæmdir við Hólsvirkjun og verður efnistökunni lokað og hún tekin af skipulagi að framkvæmdum loknum.

Um námur 44-47 gildir að samtals verður einungis heimilt að nýta að hámarki 30.000 m^3. Að loknum framkvæmdum við Hólsvirkjun skal ganga frá efnistökusvæðunum, laga svæðin að núverandi landi og ganga frá yfirborði í samræmi við umhverfið.

UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfisskýrslan er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Þeir umhverfisþættir sem helst gætu orðið fyrir áhrifum vegna breytingarinnar eru gróður, landnotkun, fornminjar, útivist og samfélag. Umhverfisskýrslan byggir á fyrirliggjandi gögnum, matsskýrslu framkvæmdarinnar ásamt skýrslum sérfræðinga um jarðfræði, gróðurfar og fuglalíf, deiliskráningu fornleifa og áhrif virkjunar Árbugsá á fiskistofna og veiði. Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.

Umhverfisþáttur	Stefnuskjöl	Viðmið
Gróður	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd	1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 60. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og 61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.
Landnotkun	Skipulagslög nr. 123/2010 Landsskipulagsstefna 2015-2026 Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022	1. gr. um markmið laganna. Kaflar 2.1, um sjálfbæra byggð í dreifbýli, 2.3, um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands og kafla 2.5, um orkumannvirki og afhendingu raforku. Markmið.
Fornminjar	Lög nr. 88/2012 um menningarminjar	1. gr. um tilgang laganna og 16. gr. um skipulag og 23. gr. um fornleifar í hættu.
Útivist	Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022	Markmið.
Samfélag	Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 Landsskipulagsstefna 2015-2026	Markmið. Stefna um sjálfbæra byggð í dreifbýli.

Gróður

Náttúrustofa Norðausturlands hefur kannað gróðurfar á framkvæmdasvæðinu. Vestasti og nyrsti hluti svæðisins frá Fnjóská og upp hlíðarnar, einkennist af mishæðóttu landi með lítt grónum lægðum þar sem graslendi, lyngmóar, viðimóar, fjalldrapi og stöku birkiplöntur einkenna gróðurfarið. Á Hólsdal, vestan Hólsár teygja votlendistungur sig upp og niður hlíðarnar, allt niður að Hólsá. Á milli votlendissvæða eru vel grónir fjalldrapamóar og snjódældir með aðalbláberjalyngi. Iðnaðarsvæðið liggur á stuttum kafla um votlendi og um vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi, en ekki er talið að plöntutegundir á válista Náttúrufræðistofnunar séu í hættu. Votlendi stærra en 2 ha verður ekki raskað en farið um jaðar þess. Ef kemur til skerðingar votlendis stærra en 2 ha skal framkvæmdaraðili endurheimta votlendis skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar í samráði við sveitarfélagið. Efnistökusvæði eru í melum og lítt grónum svæðum. Ítarlegri umfjöllun um áhrif á gróður má finna í matsskýrslu framkvæmdarinnar. Setja skal skilmála í deiliskipulagi um frágang á svæðinu og takmarka rask við framkvæmdir eins og kostur er. Áhrif á gróðurfar eru staðbundin, svæðið telst ekki viðkvæmt fyrir breytingum og áhrifin að mestu afturkræf. Niðurstaða mats er því að áhrif á gróður séu nokkuð neikvæð.

Landnotkun

Svæðið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði. Um er að ræða breytingu á 36 ha lands sem verður að teljast óveulegt þegar litið er til landbúnaðarlands í sveitarfélaginu. Á svæðinu er stundaður hefðbundinn landbúnaður og er breytingin ekki talin hafa áhrif á möguleika slíkrar nýtingar. Gott landbúnaðarland (ræktað land) er ekki tekið undir iðnaðarsvæði eða efnistöku. Fjölbreyttari nýting lands og auknar tekjur í sveitarfélaginu eru talin hafa jákvæð áhrif á landnotkun, byggð og afkomu íbúa og þannig styðja við meginmarkmið aðalskipulags um að *„ná fram betri lífsgæðum í sveitarfélaginu og nýtingu landsins gæða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“* Áhrifin eru því talin talsvert jákvæð.

Fornminjar

Fornleifastofnun Íslands hefur skráð fornminjar á virkjunarsvæðinu og fundust alls 42 minjar. Leitast skal við að forðast röskun minja við framkvæmdir á svæðinu, reynist óhjákvæmilegt að raska minjum skal leita leyfis Minjastofnunar Íslands um hvort fornleifar megi víkja og þá með hvaða skilmálum samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Skv. 24. gr. sömu laga, ber að tilkynna Minjastofnun svo fljótt sem auðið er, finnist áður ópekktar minjar við framkvæmdir. Setja skal nánari ákvæði um mótvægisaðgerðir vegna fornminja í deiliskipulagi. Áhrif á fornminjar eru háð tilhögun framkvæmdar. Minjar í hættu af völdum framkvæmda eru kolagrafir, sem eru mjög algengar á svæðinu, fornar leiðir og vörslugarðar, sem eru unglegir og líklega frá fyrri hluta 20. aldar. Áhrif á fornminjar eru því fyrst og fremst á minjar sem eru algengar á svæðinu eða eru ekki fornminjar skv. lögum. Áhrifin samræmast því stefnumörkun stjórnvalda og eru talin neikvæð en óveruleg.

Fuglalíf

Náttúrustofa Norðausturlands hefur kannað fuglalíf á svæðinu auk þess sem sérfræðingur kannaði sérstaklega áhrif á straumönd. Áhrif virkjunarinnar á fuglalíf eru talin óveruleg. Sjá nánari umfjöllun í matsskýrslu framkvæmdarinnar.

Vatnalíf og veiði

Fiskifræðingur kannaði vatnalíf á svæðinu og lagði mat á áhrif virkjunarinnar á fiskistofna og veiði. Einig var botndýralíf kannað. Áhrif virkjunarinnar á vatnalíf og veiði eru minniháttar, staðbundin og afturkræf og því talin óveruleg. Sjá nánari umfjöllun í matsskýrslu framkvæmdarinnar.

Landslag og ásýnd

Áhrifum á landslag og ásýnd má skipta í þrennt eftir svæðum. Áhrif af stöðvarhúsi og framkvæmdum nærri þjóðvegi og Fnjóská, áhrif af efnistöku, lagningu aðrennslispípu og slóða í hlíðum Fnjóskadals og áhrif af stíflum, aðrennslispípu, jöfnunarþró, efnistöku og slóðum á Hólsdal og Gönguskarði. Að teknu tilliti til fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum og viðkvæmni og stærð þess svæðis sem framkvæmdin mun sjást frá eru áhrifin talin óveruleg. Sjá nánari umfjöllun í matsskýrslu framkvæmdarinnar.

Útivist

Á uppdrætti aðalskipulags er sýnd á svæðinu gönguleið frá Fnjóskadal, um Gönguskarð, yfir í Köldukinn. Um er að ræða forna leið. Samtal við staðkunnuga og leit á veraldarvefnum benda ekki til þess að leiðin sé nýtt að einhverju marki í dag. Leiðin verður áfram opin og mun aðgengi að henni og svæðinu í heild batna með bættum vegi upp á Hólsdal. Veiðistaður er í Fnjóská, skammt neðan stöðvarhúss, en virkjun er ekki talin hafa áhrif á veiði á svæðinu. Áhrif breytingarinnar á stefnu aðalskipulags um útivist og gönguleiðir eru talin jákvæð.

Samfélag

Áhrif á samfélag eru tvíþætt, annarsvegar áhrif á atvinnulíf og hinsvegar á efnisleg gæði. Virkjunin skapar atvinnutækifæri, bæði á undirbúningsstigi, framkvæmdastigi og á rekstrartíma. Á undirbúningsstigi hafa fjölmargir aðilar úr Þingeyjarsveit og nágrenni komið að rannsóknum og hönnun virkjunarinnar. Mest verður mannaflaþörf virkjunarinnar á framkvæmdastigi við jarðvinnu og byggingu og á rekstrartíma er gert ráð fyrir einum föstum starfsmanni. Auk beinna starfa við virkjunina mun aukin raforka á svæðinu skapa möguleika til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu og nágrenni þess. Virkjanaframkvæmdin mun einnig hafa bein áhrif á efnisleg gæði þar sem greidd verða gjöld vegna vatnsréttinda og landnota til landeigenda á svæðinu sem og fasteignagjöld til sveitarfélagsins. Þær jarðir sem eiga vatnsréttindi eru Austari-Krókar, Garður, Þverá, Þúfa, Syðri-Hóll og Ytri-Hóll (sem eru að hluta til í eigu ábúenda á Veisu, Böðvarsnesi og Sólvangi og Þingeyjarsveitar). Auknar tekjur íbúa í sveitarfélaginu er líkleg til að treysta undirstöður byggðar á svæðinu. Auknar tekjur sveitarfélagsins munu nýtast öllum íbúum sveitarfélagsins, skapa möguleika á uppbyggingu innviða og getur þannig átt þátt í því að sporna við fækkun íbúa á svæðinu. Meginmarkmið aðalskipulags Þingeyjarsveitar 2010-2022 er að efla og styrkja sveitarfélagið og stöðva fólksfækkun. Í landsskipulagsstefnu er sömuleiðis lögð áhersla á að skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar. Breyting á aðalskipulaginu talin hafa talsverð áhrif á atvinnulíf og efnisleg gæði í sveitarfélaginu og nágrenni og styðja við áframhaldandi byggð og samfélag á svæðinu. Breytingin samræmist stefnu í aðalskipulagi og landsskipulagi og eru áhrif því talin talsvert jákvæð á samfélag.

Samantekt

Niðurstaða umhverfismats sýnir að áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar séu talsvert jákvæð á landnotkun og samfélag, jákvæð á útivist, óveruleg á landslag og ásýnd, fugla- og vatnalíf, og fornminjar, en þó háð útfærslu framkvæmdar, og neikvæð á gróður. Áhrifin eru í heildina talin óveruleg og fremur jákvæð en neikvæð.

Valkostir	Gróður	Landnotkun	Fornminjar	Útivist	Samfélag
Uppbygging skv. aðalskipulags-breytingu	Rask á vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi en ekki er talið að tegundir á válista séu í hættueða votlendi verði raskað.	Aukin nýting lands og auðlinda án skerðingar á núverandi nýtingu.	Nokkrar minjar eru taldar í hættu, kolagrafir, sem eru algengar á svæðinu, fornar leiðir og vörslugarðar, sem ekki eru fornminjar skv. lögum.	Gönguleið er um Gönguskarð og veiðistaður er í Fnjóská. Aukið aðgengi að svæði sem áður var mjög takmarkað aðgengi að.	Styrkir samfélagið með auknum tekjum og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu.
Óbreytt ástand	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif

Jákvæð áhrif | Neikvæð áhrif | Óveruleg áhrif | Engin áhrif

Fylgigögn með aðalskipulagsbreytingunni:

- Matsskýrsla Hólsvirkjunar, ásamt sérfræðiskýrslum í viðauka, frá 28. mars 2018.


Austurkrókur
Vestarikrókur
Búðir
Uxaskarðsöxl
Skálarrjúki
Engjafjall
Garðsfell
Garðssel
Selland
Mariuskógur
Ytri-Hóll
Syðri-Hóll
Fremri-Hóll
Hólsá
GÖNGUSKARÐ
Göngusskarðsá
Göngusskarðsöxl
Hólsöxl
HÓLSDALUR
Melur
Böðvarsgarður
Böðvarsnes
Vágeirsstaðir
Tjarnhvarfi
Mjóidalur
Veisa
FNJÓSKÁ
KÁRALÓN
SELÁRDALUR
KALDAKINN
FNJÓSKADALUR
FORNASTAÐAÁL
Fornastaðir
Víðivellir
Kvíslarhólar
Kvíslarhólsá
Kvíslarhólsvatn
Kvíslarhólsvatnsá
Kvíslarhólsvatnsá yfir Jökul
Vestari Kvíslarhólsvatnsá
Vestari Kvíslarhólsvatnsá yfir Jökul
Gerðar
Gerðarfell
Gerðarfellsá
Gerðarfellsá yfir Jökul
Gerðarfellsá yfir Jökul
Gerðarfellsá yfir Jökul